



Iceland Seafood International hf: Sterk afkoma á fyrri árshelmingi - tvöföldun hagnaðar fyrir skatta

Your publication date and time will | Source: [Iceland Seafood International hf.](#)
appear here.

Share



Sterk afkoma á fyrri árshelmingi - tvöföldun hagnaðar fyrir skatta.

- Hagnaður fyrir skatta af reglulegri starfsemi er 331 milljónir ISK (€2.3m) samanborinn við 158 milljónir ISK (€1.1m) 1H 2024 sem er aukning um 173 milljónir ISK (€1.2m)
- Rekstrartekjur á fyrri árshelming 2025 námu 33,7 milljörðum ISK: (€233.8m), sem er aukning um 10% frá sama tímabili 2024
- Framlegð fyrir 1H 2025 er 3,3 milljarður ISK milli (€22.9m) samanborið við 2,7 milljarð (€19m) á sama tíma 2024
- EBITDA fyrir 1H 2025 hækkaði í 1,3 milljarð (€9.2m) frá 720 milljónum(€5m) í 1H 2024
- EBITDA síðustu 12 mánaða hækkaði um 1,1 milljarð, í 2,9 milljarða (€20.3m) frá 1,8 milljarði (€12,7m) á 1H 2024
- Hagnaður fyrstu sex mánaða eftir skatta er 158 milljónir ISK (€1.1m) samanborinn við 101 milljóna (€0.7m) tap fyrir sama tímabil 2024
- Hagnaður á hlut fyrir 1H 2025 er 0,05 ISK á hlut en tap uppá 0,03 ISK á 1H 2024.
- Heildareignir námu 36,2 milljörðum ISK (€251.5m) í lok júní 2025, sem er lækkun um 259 milljónir ISK (€1.8m) frá ársbyrjun
- Eiginfjárlutfall er í 30.2% í lok annars ársfjórðungs 2025 samanborið við 28.6% í lok Q2 2024
- Hagnaður fyrir skatta af reglulegri starfsemi 2025 verður samkvæmt afkomuspá, 1,1 – 1,4 milljarðar ISK (€7.5m - €9.5m)

Heildarsala samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi voru 16,5 milljarðar (€114,6m) og jókst um 17% samanborið við fyrra ár. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 300 þús ISK (€2k) sem er aukning uppá 105 milljónir ISK frá sama ársfjórðungi 2024.

Rekstrartekjur starfseminnar í Suður-Evrópu voru 7,6 milljarður ISK (€52,9m) á öðrum ársfjórðungi, sem er 3% aukning miðað við sama tímabil árið 2024. Sala fyrri helmingss ársins 2025 jókst um 3% í söluverðmæti og 1% magni samanborið við 1H 2024. Reglulegur hagnaður starfseminnar fyrir skatta nam 317 milljónum ISK (€2.2m), sem er á pari við 1H 2024. Góð sala var í gæðaaafurðum, sérstaklega þorski og öðrum fisk af íslenskum uppruna sem hafði jákvæð áhrif á sölu bæði í verðmætum og magni. Góð framleiðsla var á Argentínskri rækju en vegna óhagstæðrar gæðasamsetningar skilaði hún lágri framlegð. Sala í Ahumados Dominguez drógst saman um 4% bæði í söluverðmæti og seldu magni á 1H 2025.

Rekstrartekjur starfseminnar í Norður-Evrópu á öðrum ársfjórðungi voru 2,1 milljarðar ISK (€14.3m), sem er 5% aukning frá sama ársfjórðungi árið áður. Sala á fyrri hluta ársins nam 28,6 milljónum evra, samanborið við 26,5 milljónir evra á sama tímabili árið 2024. Verð á laxi var lægra en spár gerðu ráð fyrir og hafði það jákvæð áhrif á reksturinn á meðan há verð og lítið framboð á hvítfiski hefur haft neikvæð áhrif. Félagið á Írlandi skilaði 58 milljóna ISK (€0,4m) hagnaði af reglulegri starfsemi sem er aukning um 72 milljónir ISK (€111k) frá fyrsta ársfjórðungi 2024. Gert er ráð fyrir að verð á laxi haldist stöðug út árið með mögulegri hækkun undir lok ársins.

S&D deildin byrjaði árið vel og hefur fylgt því eftir á öðrum ársfjórðungi. Sala á sjófrystum afurðum, hafði jákvæð áhrif á afkomu IS Iceland í fjórðungnum. Mikil eftirspurn og hækkandi verð á þorski voru lykillinn að góðum árangri og góðri rekstrarniðurstöðu á öðrum ársfjórðungi.

Byggt á niðurstöðum annars ársfjórðungs og núverandi viðskiptum verður afkomuspá óbreytt frá ársbyrjun eða á bilinu 1,1 – 1,4 milljarðar ISK (€7,5m - €9,5m). Gert er ráð fyrir áframhaldandi háu þorskverði á árinu þar sem framboð er í sögulegu lágmarki. Reiknað er með að laxaverð verði stöðugt út árið og lægri en spár sögðu til um. Við gerum ráð fyrir að allar deildir fyrirtækisins muni standa við áætlanir og undir sterkri eftirspurn þrátt fyrir hærri verð.

Ægir Páll Friðbertsson, CEO

“Fyrri hluti ársins 2025 einkenndist af mikilli eftirspurn eftir þorski og háum verðum. Bann Bandaríkjanna við innflutningi á rússneskum fiski hefur hækkað verð á hausuðum og slægðum þorski úr Barentshafi, auk þess sem minnkandi kvóti bæði í Barentshafi og Atlantshafi hefur haft mikil áhrif. Ef horft er fram í tímann er búist við takmörkuðu framboði af hvítfiski og áframhaldandi háu verði.

Verð á laxi var lægra en spáð hafði verið sem skilaði betri rekstrarárangri í laxastarfseminni, ólíkt síðustu tveimur árum þegar tap var af þeirri starfsemi. Afkoman á fyrri hluta árs 2025 var betri en á sama tímabili 2024, og horfurnar fyrir restina af árinu eru jákvæðar. Gert er ráð fyrir að laxaverð haldist stöðugt út þriðja ársfjórðung og fram á síðari hluta þess fjórða.

Horfur í efnahagsmálum eru áfram óvissar og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Vextir og verðbólga hafa lækkað á okkar helstu markaðssvæðum auk þess að fjármagnskostnaður mun lækka í framhaldi af endurfjármögnun. Þó að hátt þorsksverð og hækkandi verð á öðrum tegundum hafi aukið sölutekjur, skapar það einnig áskoranir þar sem neytendur standa frammi fyrir hærri kostnaði. Af þeim sökum gæti eftirspurn minnkað enn frekar, knúin áfram af minna framboði og verðhækkunum á lykilmörkuðum. Á sama tíma eru fjármögnunar- og geymslukostnaður enn verulegir, sem undirstrikar mikilvægi áframhaldandi áherslu á fjármagnsskipan félagsins og birgðahalds.

Aðaláhersla okkar er áfram á að bæta rekstur núverandi eininga, halda áfram að hagræða fjármagnsskipan félagsins og endurmeta heildarstefnu okkar. Þessar áherslur munu leiða okkur næstu mánuði. Við sjáum verulegt vaxtartækifæri innan sterks nets félagsins, öflugra sölu- og aðfangakeðju og hjá reyndum starfsmannahópi okkar á sviði sjávarafurða. Í júlí tókum við mikilvægt skref til að styrkja starfsemina í Argentínu með undirritun viljayfirlýsingar um kaup á tveimur skipum, sem byggir á þeirri þekkingu, reynslu og starfsemi sem þegar er til staðar á svæðinu. Vöxtur íslensks laxeldis er einnig jákvæð þróun. Við erum byrjuð að selja og markaðsetja íslenskan lax í gegnum okkar dreifikerfi og stefnum á að efla það enn frekar eftir því sem laxeldi heldur áfram að styrkjast á Íslandi.

Markmið okkar er að efla stöðu Iceland Seafood enn frekar til að mæta framtíðaráskorunum og nýta tækifæri sem skapast, eigendum, starfsfólki og félaginu til hagsbóta."

Fjárfestafundir

Rafrænn fjárfestafundur

Í dag klukkan 16:30 GMT mun félagið halda netfund fyrir fjárfesta og markaðsaðila þar sem stjórnendur munu kynna og ræða niðurstöður annars ársfjórðungs og fyrri helming 2025.

Fundurinn er eingöngu á netinu og verður í beinni útsendingu á íslensku á vefsíðum okkar

www.icelandseafood.com og www.icelandseafood.is

Sjá hlekk að neðan

<https://vimeo.com/event/5327579/embed/379ffec316/interaction>

og verður upptaka aðgengileg eftir fundinn á www.icelandseafood.com/investors.

Þátttakendur á fundinum geta sent skriflegar fyrirspurnir fyrir og á meðan á fundinum stendur á pósthfangið investors@icelandseafood.com.

Fyrirvari

Allar yfirlýsingar varðandi framtíðarsýn í þessari tilkynningu endurspeglar núverandi skoðanir stjórnenda á framtíðarviðburðum og niðurstöðu. Það að þessar skoðanir séu byggðar á afstöðu sem stjórnendur telja eðlilegar, er engin trygging fyrir því að atburðir og skoðanir verði að veruleika. Framtíðarsýn felur eðlilega í sér óvissu og áhættu; Niðurstöður geta verið frábrugðnar fullyrðingum eða skoðunum sem setter eru fram.

Frekari upplýsingar:

Iceland Seafood International hf.

<http://www.icelandseafood.com/Investors>

Ægir Páll Friðbertsson, apf@icelandseafood.com

Attachments



1H 2025 - Financial
Statements
Consolidated _ Final



1H 2025 Presentation